

L Ö G

um breyting á lögum um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Með kaupmála, sem gerður er á undan hjúskap, eða meðan hjúskapur stendur, geta aðilar ákveðið, að munir, sem annað hjóna á eða eignast kann og annars yrðu hjúskapareign, skuli verða séreign þess. Í kaupmála má enn fremur ákveða, að um séreign, sem annað hjóna hlaut samkvæmt kaupmála, skuli fara sem hjúskapareign þess eftir lát þess hjóna, sem fyrr andast. Hjónum er einnig heimilt að ákveða að svo miklu leyti sem það fer ekki í bága við ákvarðanir arfleifanda eða gefanda, að séreign skuli vera hjúskapareign.

2. gr.

58. gr. laganna orðist svo:

Hvoru hjónanna um sig er heimilt, og sé annað dáið, þá því, sem eftir lifir, að taka af óskiptu muni, sem aðeins eru ætlaðir því til notkunar, enda sé verð þeirra eigi óhæfilega hátt, borið saman við efnahag hjónanna.

Nú er annað hjóna dáið og fjármunir búsins lítils virði, og getur þá það þeirra, sem eftir lifir, tekið af hjúskapareign beggja nauðsynleg búsgögn, verkfæri og aðra lausa muni, að svo miklu leyti sem það verður talið nauðsynlegt til þess að það geti haldið áfram atvinnu sinni. Þetta gildir, þó að verð greindra muna fari fram úr lögmaeltum hluta þess í hjúskapareignunum.

Munir þeir, sem maki tekur samkvæmt 1. og 2. málsg., eru ekki taldir með við ákvörðun bús- og erfðahluta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 14. marz 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.